

Höfn, 4. desember 2020

Sveitarfélagið Hornafjörður
Brynja Dögg Ingólfssdóttir
umhverfis og skipulagsstjóri
b.t. Umhverfis- og skipulagsnefndar

Efni: Umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda á Höfn

Skólaráð Grunnskóla Hornafjarðar hvetur Sveitarfélagið Hornafjörð að fara af fullum þunga í áframhaldandi úrbætur á umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda á Höfn. Ungu fólkið okkar er í meirihluta þeirra sem ganga eða hjóla til skóla og frístundastarfs. Þeir sem eldri eru mættu svo sannarlega taka vistvænan ferðamáta ungmenna til fyrirmyndar, en ekki síður ber þeim sem ábyrgð hafa á skipulagi og framkvæmdum að sjá til þess að umferðaröryggi sé eins og best verður á kosið hverju sinni. Í desember 2018 samþykkti bæjarstjórn Umferðaröryggisáætlun Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2018 -2027. Í áætluninni er tekin saman aðgerðarlisti, þar sem yfirmarkið er að gangandi og hjólandi umferð verði í forgang í þéttbýlinu. Ánægjulegt er að sjá að eitthvað hefur verið framkvæmt af því sem á listanum en þörf er á að halda áfram. Skólaráð leggur sérstaklega áherslu á:

- Að umferðarhraði verði lækkaður við skólana.
- Gera greiða gönguleið frá göngustíg fyrir aftan N1 að Silfurbraut.
- Breyta Svalbarði og Tjarnabru í vistgötu.
- Ná niður hraða frá Sundlaug að enda íþróttasvæðis og gera gangbraut og gott aðgengi fyrir gangandi umferð frá Fiskhól.
- Bæta öryggi vegfarenda um Brautarholt, færa steypa vegginn.
- Gangbraut yfir Hafnarbraut við tjaldstæði
- Skoða þarf gangbrautir á algengum gönguleiðum, við Höfnina, við N1, við Heppuskóla/Fiskhól og Leiruhverfi, við ráðhús, við Kirkjubraut, Hæðargarð.

Eins má benda á að bættar merkingar og lýsing geta bætt umferðaröryggi.

Fræðsla, þjálfun og upplýsingagjöf til barnanna okkar er líka stór þáttur í forvörnum í umferðinni en hversu varkár og athugul sem börnin okkar eru þá er því miður ekki alltaf hægt að treysta á varkárni og athygli ökumanna. Bætt umferðarstýring, betri merkingar og hraðatakmarkanir eru því m.a. nauðsynlegur þáttur í því að bæta umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda á Höfn.

Fyrir hönd skólaráðs Grunnskóla Hornafjarðar veturinn 2020-2021

Helga Árnadóttir fulltrúi foreldra helga.arn@gmail.com
Þórgunnur Torfadóttir skólastjóri thorgunnur@hornafjordur.is